

Sorpa b.s. Urðunarstaður Álfsnesi  
Gufunesvegi  
112 Reykjavík

Reykjavík, 4. október 2019  
UST201910-023/F.T.  
08.14.02

### **Efni: Áform um áminningu og krafa um úrbætur**

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 5. september sl. þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna frávíka er fram komu í eftirliti þann 12. júní 2019.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. **Gr. 1.2 í starfsleyfi.** Heimilt er að urða allt að 120.000 tonnum af úrgangi á ári. Árið 2018 voru urðuð 147.196 tonn.
2. **Gr. 5.4 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal senda niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Skil á skráningum til eftirlitsaðila eru ekki fullnægjandi. Skráningum vegna tl. 2-5 og 8-13 er varða úrgang sem hafnað er, stöðuna á urðunarstaðnum, sigmælingar, mengunaróhöpp, hauggas - og veðurfarsmælingar hefur ekki verið skilað.


**Umhverfisstofnun veitti frest til að senda inn tímasetta áætlun um úrbætur vegna framangreindra frávíka til 26. september sl. Umhverfisstofnun hefur enn ekki borist tímasett áætlun um úrbætur. Stofnunin áformar því að áminna rekstraraðila, sbr. 60. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Jafnframt er gerð krafa um úrbætur. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til 18. október nk. til þess að skila inn tímasettri áætlun um úrbætur eða koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.**

Vakin er athygli rekstraraðila á því að Umhverfisstofnun hefur heimildir samkvæmt XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt kröfum stofnunarinnar. Stofnunin getur m.a. lagt á dagsektir og stöðvað starfsemi.

Áminning mun verða birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar komi til slíkrar ákvörðunar. Jafnframt mun stofnunin birta á vefsíðu sinni sjónarmið fyrirtækisins.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávíka frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum.

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa sambandi við Frigg Thorlacius í síma 591-2000 eða með tölvupósti á [frigg.thorlacius@ust.is](mailto:frigg.thorlacius@ust.is). Gögnum skal skila í pósti til Umhverfisstofnunar eða á netfangið [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is).

 Virðingarfyllst  
Skúli Þórðarson  
sviðsstjóri

  
Frigg Thorlacius  
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur